

Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 16. janúar 2018

9. fundargerð.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir og Egill Jónsson.
Fjarverandi: Garðar Lárusson.

1. Formaður setti 9. stjórnarfund EBAK 2017-2018.
2. Fundargerð stjórnar nr. 8 frá 11. des. 2017 frestað til næsta fundar.
3. Dagbók á skrifstofu yfirfarin. Umræða og ákvörðun tekin um að opnunartími skrifstofunnar verði óbreyttur næstu vikur, þ.e. kl.14 – 15 á miðvikudögum.
4. Upplýsingar um verkefni og fleira milli stjórnarfunda.
 - a) Samningur EBAK og Akureyrarbæjar um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1 var undirritaður í félagsmiðstöðinni þann 21. des. kl. 15 af Hauki Halldórssyni formanni EBAK og Eiríki Birni Björgvinsyni bæjarstjóra. Viðstödd voru Dóra, Halldór og Margrét stjórnarmenn EBAK, Silja Dögg Baldursdóttir formaður frístundaráðs, Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs og fleiri.
 - b) Bréf til formanna nefnda. Halldór sendi formönnum fastanefnda félagsins tölvupóst 12. des. sl. þar sem óskað var eftir upplýsingum fyrir 5. jan. 2018 hverjir ætluðu ekki að gefa kost á sér til setu í nefndunum áfram.
 - c) Fréttabréf og stundaskrár á vorönn í Víðilundi og Bugðusíðu 1. Halldór og Hallgrímur tóku að sér að vinna með Bergljótu og Rósu, starfsmönnum Akureyrarbæjar, að endurskoðun á upplýsingum um EBAK og stundaskrána í Bugðusíðu á vorönn. Fréttabréfið verður ekki borið í hús vegna kostnaðar. Gjaldkeri nefndi að hægt væri að auglýsa að bæklingurinn væri fánlegur í félagsmiðstöðvunum og hann væri á heimasíðu félagsins. Ákveðið að geyma frekari aðgerðir fram yfir opna kynningarfundinn.
 - d) Akureyrarbær og Búfesti hsf. hafa undirritað viljayfirlýsingu um að sveitarfélagið tryggi Búfesti hsf. aðgang að lóðum fyrir allt að 125 leigu- og búseturéttaríbúðum á tímabilinu 2018 – 2022. Þar með hefur skipast samvinnugrundvöllur fyrir EBAK og Búfesti hsf. en EBAK hefur ekki skrifað undir neinar skuldbindingar vegna þessa verkefnis.
5. Niðurstöður hópavinnu á haustfundi með nefndum og fleirum þann 22. nóv. 2017. Tillögur hópanna voru ræddar en samantekt þeirra liggur fyrir. Halldór tók að sér að koma með tillögu á næsta stjórnarfund um forgangsröð verkefna á vorönn. Aðrar tillögur bíða haustannar.
6. Reglur og verðskrá vegna útleigu á salnum í Bugðusíðu 1. Uppsetning og frágangur er í vinnslu. Starfsstúlkur bæjarins í félagsmiðstöðinni Dögg og Linda skrifa niður pantanir.
7. Fjárhagsstaða félagsins 31. desember 2017.

Gjaldkeri lagði fram upplýsingar um stöðu þriggja reikninga. Félagar í EBAK voru 1369 um áramót 2017 – 2018. Umræður um hvort senda ætti áminningu til þeirra 3% félagsmanna sem ekki hafa greitt félagsgjöldin. Það kostar. Ákveðið að afskrifa upphæðina núna.
8. Kynning á EBAK. Opinn fundur stjórnar og fræðslunefndar verður 23. janúar 2018. Hallgrímur og Halldór sjá um að útbúa efni til dreifingar á fundinum (dreifildi).

9. Halldór lagði fram nafnalista yfir þá félagsmenn sem hætta störfum í stjórn og nefndum á aðalfundi EBAK 26. mars nk. Fundur FKR með uppstillinganefnd fyrirhugaður 17. jan. 2018. Jón Aðalsteinn Baldvinsson gefur ekki kost á sér áfram til setu í stjórn. Haukur, Dóra og Margrét gefa kost á sér til tveggja næstu ára en þau hafa setið í tvö ár. Kolbrún gefur kost á sér í varastjórn, en á aðeins eftir eins árs setu. Aðrir sitja áfram samkvæmt lögum félagsins.
10. Tillaga formanns um greiðslur til aðila í FKR og Hallgríms sem hefur **m.a.** umsjón með netmiðlum rædd og ákveðið að greiddar yrðu kr. 125.000 á mann fyrir árið 2017. Um árabíl hafa formanni og gjaldkera félagsins verið greiddar kr. 100.000 á ári. Greiðslurnar koma á móti ýmsum kostnaði ofangreindra aðila varðandi störf þeirra fyrir félagið s.s. akstur, tölvunotkun, prentun og pappír, síma o.fl.
Samþykkt að stofna reikning fyrir fræðslunefnd til að auðvelda gjaldkera hennar starfið. Bréf frá formanni kórs eldri borgara – Í fínu formi - hafði borist félaginu nýlega þar sem óskað er eftir fjárstyrk til kórsins. Samþykkt að styrkja kórinn að upphæð kr. 200.000 eins og undanfarin ár.
11. Afsláttarbók LEB. Talsvert starf er að leiðrétta upplýsingar um afslætti til eldri borgara hjá fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu.
12. Aðalfundargerð EBAK 2017 kynnt.
13. Kosning í öldungaráð, sjá lög EBAK og athuga sveitarstjórnarlög. (frestað).
14. Næsti stjórnarfundur EBAK 16. febr. nk. kl. 13.
15. Viðvera á skrifstofu: 17. janúar Halldór 24. janúar Jón Aðalsteinn 31. janúar Halldóra
7. febrúar Egill 14. febrúar Garðar.
16. Leiðsögn vegna tölvu- og hljóðkerfis í Bugðusíðu og umgengni um tækjaskápinn í salnum. (frestað)
17. **Önnur mál. a)** Skipulag skrifstofu m.a. tiltekt. (frestað)
 - b) Prentun á lögum félagsins. Hallgrímur lagði til að geyma það fram yfir aðalfund.
 - c) Möppur með ýmsum gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda. (frestað)
 - d) Mikið er gengið í Boganum en sumir kvarta um mengun þar.

Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir